

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

22. febrúar 2017

Þingskjal 187 – 128. Mál

Farþegaflutningar og farmflutningar

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) fagnar því að lagt hafi verið fram frumvarp um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga. Óhætt er að segja að beðið hafi verið eftir þessu frumvarpi sem var síðast lagt fram (í breyttri mynd) á þingi 2015 enda mikilvægir hagsmunir í húfi.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi tekur heilshugar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og hvetur þingið til að taka tillit til þeirra athugasemda er koma þar fram. Það er ákaflega brýnt að vel takist til við gerð frumvarps þessa, ekki síst með hagsmuni almenningsgangna í huga. Landshlutasamtökin hafa til þessa ekki vikist undan því að taka að sér aukin verkefni frá hinu opinbera en slíkum verkefnum verður að fylgja skýrt lagalegt umboð. Þá verður að tryggja að verkefnin hafi burði til þess að standa undir sér.

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Sigrún Blöndal,
formaður stjórnar



1966-2016